

# Jarðfræðafélag Íslands

## Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2019

Á fyrri hluta starfsársins 2019 störfuðu í stjórn félagsins Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Erla María Hauksdóttir (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Sigurlaug María Hreinsdóttir (ritari), Ásta Rut Hjartardóttir (meðstjórnandi), Ásdís Benediktsdóttir (meðstjórnandi) og Þóra Björg Andrésdóttir (meðstjórnandi).

Vorráðstefna félagsins var haldin þann 8. mars í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Líkt og áður var jarðfræðinemendum boðið endurgjaldslaut á ráðstefnuna, en stjórn félagsins telur mikilvægt að nemendur fjölmenni á ráðstefnur og viðburði félagsins og kynnist störfum jarðfræðastéttanna. Á ráðstefnunni var að vanda fjölbreytt dagskrá og mörg fróðleg erindi flutt. Ráðstefnuna sóttu um 80 manns, þar af fjölmargir nemendur. Alls voru 18 erindi haldin og 8 veggspjöld kynnt.

Eftirfarandi erindi voru flutt:

Alberto Caracciolo. *Temporal evolution of magma reservoirs beneath the Bárðarbunga-Veiðivötn volcanic system: a melt inclusion approach.*

Lúðvík E. Gústafsson. *Náttúruvá og loftslagsbreytingar í jarðsögulegu ljósi.*

Halldór Geirsson. *Breytilegt landris á Íslandi 1993–2019.*

Árný Erla Sveinbjörnsdóttir. *Aldursgreiningar á vatni með stöðugum samsætum, Tritium og geislakoli.*

Olgeir Sigmarsson. *Skorpubráð og jarðhitakerfi Kröftu.*

Eemu Ranta. *Chlorine isotope systematics in silicic rocks: Lessons from Iceland.*

Revathy M. Parameswaran. *Seismic relocations and stress evolution in Ölfus.*

Maja Bar Rasmussen. *Mantle heterogeneity in a tilted Icelandic plume – what we can learn from trace elements in olivine.*

Andri Gunnarsson. *Multisource Bathymetric Elevation Model of Lake Þórisvatn.*

Davíð Egilson. *Hættumat vegna jökulhlaupa í Skaftá.*

Eyjólfur Magnússon. *Hvað sýna þéttar íssjármælingar yfir sigkötlum?*

Gro B.M. Pedersen. *New historical lava flow map for Hekla volcano, South Iceland.*

Rikke Vestergaard. *Volume, morphology and petrology of the 1766–68 and 1845–46 eruptions of the Hekla volcano, Iceland.*

Hreggviður Norðdahl. *Hvað geta forn fjörmörk sagt okkur til um stærð og legu jökla á Íslandi í lok síðasta jökulskeiðs? Dæmi úr Arnarfurði á Vestfjörðum.*

Joaquín M.C. Belart. *Spatially distributed mass balance of selected Icelandic glaciers, 1945–2015. Trends and relationship with climate.*

Vincent Drouin. *Country-wide observations of plate spreading and glacial isostatic adjustment in Iceland inferred by Sentinel-1 radar interferometry, 2015–2018.*

Þorsteinn Sæmundsson. *Er hættu á að stórt berghlaup geti fallið úr Svínafellsheiði fyrir ofan Svínafellsjökul í Örfæfum?*

Leó Kristjánsson. *Sitthvað um segulmælingar á erlendu og íslensku bergi.*

Vorferð félagsins var með nokkru öðru sniði en undanfarin ár. Að þessu sinni var haldið í 10 daga jarðsögufélag til Danmerkur og Svíþjóðar undir leiðsögn prófessors Ólafs Ingólfssonar. Átján manns voru í ferðinni sem hófst á brautarstöðinni í Lundi þaðan sem haldið var á Borgundarhólm og síðan var haldið aftur til S-Svíþjóðar. Jarðlög allt frá forkambrium og nánast öllum skeiðum jarðsögunnar voru skoðuð. Veðrið lék við ferðalanga og fóru allir mjög sáttir heim. Jarðfræðafélagið vill þakka Ólafi fyrir frábæra og fræðandi leiðsögn í ferðinni.

Aðalfundur félagsins var haldinn 6. júní í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Á aðalfundinum urðu þær breytingar að úr stjórn gengu þær Sigurlaug María Hreinsdóttir sem starfað hefur í stjórn félagsins frá árinu 2012 og var formaður félagsins frá 2013 til 2017, Erla María Hauksdóttir sem starfað hefur í stjórn félagsins frá árinu 2014 og var varaformaður árið 2017–2019, Þóra Björg Andrésdóttir sem starfað hefur í stjórn félagsins frá árinu 2017, og Ásdís

Benediktssdóttir, en hún hóf störf fyrir einu ári síðan. Þeim er þakkað fyrir góð störf og ánægjuleg kynni. Í þeirra stað gengu Halldór Geirsson, Háskóla Íslands, Michelle Maree Parks, Veðurstofu Íslands, Bjarni Gautason, ÍSOR og Ingvar Atli Sigurðsson, Náttúrufræðistofnun Íslands í stjórn. Eftir aðalfund var skipan stjórnar eftirfarandi: Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Ásta Rut Hjartardóttir (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Ingvar Atli Sigurðsson (ritari), Halldór Geirsson, Michelle Maree Parks og Bjarni Gautason (meðstjórnendur). Að öðru leyti voru störf aðalfundar hefðbundin.

Haustráðstefna Jarðfræðafélagsins var haldin 15. nóvember í Víðgemli ráðstefnusal ÍSOR, Grensásvegi 9. Að þessu sinni var ráðstefnan þematengd og var umfjöllunarefni hennar Náttúruvá í ljósi loftlagsbreytinga. Alls voru flutt 17 erindi á ráðstefnunni sem náðu yfir mjög breytt svið og endurspegluðu mjög þá fjölmörgu þætti sem huga þarf að þegar náttúruvá og loftlagsbreytingar eru annars vegar. Ráðstefnan tókst í alla staði mjög vel og mættu um 60–70 manns.

Eftirfarandi erindi voru flutt:

- Ágúst Gunnar Gylfason. *Almannavarnir: Skipulag og verkefni í breytilegum aðstæðum.*
- Lúðvík E. Gústafsson. *Gefa fyrri útdauðahrinur í jarðsögu síðustu 600 milljóna ára vísbendingar um hvað sé framundan með tilliti til loftslagsbreytinga?*
- Halldór Geirsson. *Breytilegur landrishiðni á Íslandi síðustu áratugi / Temporal variations in uplift rates over the past decades.*
- Vincent Drouin. *Countrywide Observations of Glacial Isostatic Adjustment and other processes in Iceland Inferred by Sentinel-1 Radar Interferometry, 2015–2018.*
- Freysteinn Sigmundsson. *Effects of climate change on magma generation, magma movements and volcanic activity.*
- Hrafnhildur Hannesdóttir. *Hörfun og þynning jökla á Íslandi frá lokum litlu ísaldar – „sunnanverður Vatnajökull“.*
- Snævarr Guðmundsson. *Jaðarlón við sunnanverðan Vatnajökul.*

Þorsteinn Sæmundsson. *Hvaða afleiðingar hefur hröð hörfun skriðjökla á stöðugleika fjallshlíða?*

Halldór Björnsson. *Loftslagsbreytingar og Náttúruvá.*

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir. *Skipulag byggðar með tilliti til náttúruvá.*

Bjarni Kjartansson. *Viðbúnaður vegna vatnsflóða.*

Snorri Páll Snorrason. *Ummerki jökulhlaupa á sandinum í Öxarfirði.*

Hulda Ragnheiður Árnadóttir. *Áhrif loftslagsbreytinga á váttryggingar.*

Tómas Jóhannesson. *Vöktun jökla með ArcticDEM landlíkönum.*

Gro B.M. Pedersen. *Remote sensing and Natural hazards.*

Sólveig R. Ólafsdóttir. *Breytilegt umhverfi – súrnun sjávar.*

Sigríður Magnúsdóttir. *Þáttur massabreytinga jökla og jökulbreiða í sjávarstöðubreytingum við Ísland árið 2100.*

Í kjölfar haustráðstefnu félagsins var ákveðið að félagið myndi hætta að prenta ágrípahefti. Verða þau framvegis aðgengileg á heimasíðu félagsins [www.jfi.is](http://www.jfi.is) nokkrum dögum fyrir hverja ráðstefnu.

Eftirfarandi nefndir störfuðu á vegum félagsins.

*Jökull* – fulltrúi félagsins í ritstjórn Jökuls: Gréta Björk Kristjánsdóttir. Í ritnefnd, Karl Grönvold og Kristján Sæmundsson.

*Sigurðarsjóður* – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Freysteinn Sigmundsson og Kristín S. Vogfjörð.

*Sigurðarmedalía* – Olgeir Sigmarsson (formaður), Ármann Höskuldsson og Þorsteinn Sæmundsson.

*Orðanefnd* – Haukur Jóhannesson (formaður), Steinþór Níelsson og Ívar Örn Benediktsson.

*Síðanefnd* – Ívar Örn Benediktsson (formaður), Daði Þorbjörnsson og Kristín S. Vogfjörð.

*Löggildingarnefnd* – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Sigmundur Einarsson og Páll Halldórsson.

*IUGS* (International Union of Geological Sciences, nefnd skipuð af umhverfisráðherra) – Þorsteinn Sæmundsson situr í stjórn fyrir hönd JFÍ.

Þorsteinn Sæmundsson